



Umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 29. september 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu um flokkun virkjunarkostsins Garpsdal í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu um flokkun virkjunarkostsins Garpsdal í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda. Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við tillöguna.

Í kynningu um málið kemur fram að umhverfis- orku og loftlagsráðherra hafi ákveðið að setja í samráðsferli breytingu á tillögu verkefnisstjórnar verndar- og orkunýtingaráætlunar að flokkun 10 vindorkukosta, þess efnis að virkjunarkosturinn Garpsdalur verði flokkaður í nýtingarflokk í stað biðflokks. Af þeim 10 vindorkukostum sem verkefnisstjórnin lagði mat á njóti Garpsdalur ákveðinnar sérstöðu. Virkjunarkosturinn komi m.a. best út af vindorkukostunum í mati faghóps 3 á samfélagslegum áhrifum, um sé að ræða eitt lengst komna vindorkuþróunarverkefni á Íslandi, meiri sátt virðist ríkja um virkjunarkostinn í nærsamfélaginu heldur en gildi um aðra kosti og haft hafi verið náð samráð við sveitarstjórn á viðkomandi svæði.

Samtökin fagna mjög tillögu ráðherra enda hafa þau hvatt til aukinnar raforkuöflunar hér á landi um margra ára skeið. Samtökin hafa um árabil varað við því ójafnvægi sem hefur myndast á milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem framleiðsla hefur ekki haldið í við vöxt og viðgang samfélagsins. Framangreindur vandi hefur leitt til hærra raforkuverðs og skerðinga á raforku með tilheyrandi áhrifum á samkeppnishæfni fyrirtækja og útflutningstekjur. Samkvæmt nýlegri greiningu Raforkueftirlitisins hefur núvirtur raforkukostnaður heimila (á föstu verðlagi) hækkað um tæplega 11% á tímabilinu 2020 til 2025 sem er um 2,4% árleg hækkun umfram verðbólguþróun. Á verðlagi hvers árs var hækkunin um 48%, sem er um 9,4% árleg hækkun.¹ Raforkukostnaður hjá fyrirtækjum, sem nota umtalsvert magn raforku (á bilinu 2–20 GWh á ári), hefur hækkað um 24% á föstu verðlagi og er það um 5% árleg hækkun. Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður fyrirtækja með talsverða raforkunotkun hækkað um 65%. Raforkukostnaður dæmigerðs álvers hefur hækkað um 25% í USD á föstu verðlagi milli 2020–2025. Á breytilegu verðlagi hefur raforkukostnaður dæmigerðs álvers hækkað um 54% í USD yfir sama tímabil. Tapaðar útflutningstekjur vegna skerðinga á afhendingu raforku til stórnotenda á fyrri hluta síðasta árs námu 14-17 milljörðum líkt og samtökin bentu á í greiningu

¹ [Raforkuskortur leitt til verðhækkana](#) | [Fréttasafn](#) | [Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#)




þann 17. maí 2024.² Rétt er að nefna að orkusækin iðnaður stendur undir 23% af útflutningstekjum Íslands og því umtalsverðir hagsmunir undir fyrir íslenskt samfélag.

Raforka gegnir enn fremur lykilhlutverki í þeim orkuskiptum sem fram undan eru. Skýtur það skökku við að á meðan þjóðir heims keppast við að afla grænnar orku skuli íslenskt samfélag, sem hefur næga möguleika til þess, flytja inn á ársgrundvelli yfir milljón tonn af olíu fyrir um 160 milljarða króna. Í raforkuspá Landsnets 2024-2050 kemur fram að eftirspurn eftir raforku muni aukast um allt að 116% til ársins 2050, aðallega vegna orkuskipta í samgöngum. Samkvæmt raforkuspá Landsnets eru ekki nægilega margir virkjanakostir í nýtingarflokki til að mæta orkuskiptum.

Fjölbreyttir raforkugjafar auka öryggi raforkukerfisins og Ísland býður upp á kjöraðstæður fyrir vindorkuframleiðslu. Nýlegar náttúruhamfarir hafa sýnt rækilega fram á nauðsyn sveigjanleika og fjölbreytni innan kerfisins. Með fjölbreyttum raforkukostum eykst viðnámsþróttur raforkukerfisins gagnvart ófyrirséðum áföllum. Samtökin fagna mjög ákvörðun ráðherra að leggja til breytingu á flokkun Garpsdals í nýtingarflokk í stað biðflokks og hvetja stjórnvöld til að vinna áfram að aukinni öflun raforku.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Guðný Hjaltdóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði

² https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Tapadar-utflutningstekjur-vegna-raforkuskerdingar-17-05-2024.pdf